

Lyfjaskírteini - vinnuregla

Fampridine (Fampyra®)

ATC flokkur: N07XX07 – famprídín

Dagsetning: 1. júní 2022

Áður en sótt er um greiðsluþátttöku fyrir Fampyra® skal framkvæma gönguprófin Timed 25 Foot Walk (T25FW) og 12-item Multiple Sclerosis Walking Scale (MSWS-12).

Greiðsluþátttaka er samþykkt til reynslu til fullorðinna einstaklinga sem eru:

- með kastaform (relapse remitting MS), frumkomna versnun (primary progressive) eða síðkomna versnun (secondary progressive) af MS sjúkdómi
- með stöðug einkenni og án nýlegra lyfjabreytinga
- ekki í MS kasti
- með skerta göngugetu
- með EDSS gildi á bilinu 4-7

Í lok 2ja – 4 vikna meðferðar með Fampyra® skal framkvæma gönguprófin aftur til að meta hugsanlegan ávinning.

Greiðsluþátttaka er samþykkt til 1 árs til einstaklinga með:

- 20% bætingu í gönguhraða í T25FW prófinu **og**
- að minnsta kosti 4 stig í MSWS-12 prófinu.

Tekið verður tillit til þess ef einstaklingur fær umtalsverðan ávinning á aðra þætti en göngufærni sem bæta lífsgæði hans en þó verður annað hvort skilyrðið hér að ofan að vera uppfyllt.

Við endurnýjun: Greiðsluþátttaka er samþykkt að nýju ef einstaklingurinn hefur viðhaldið jákvæðri svörun úr T25FW og MSWS-12 prófunum.

Ef gönguhæfni reynist hafa minnkað skal endurmeta ávinninginn af Fampyra®. Slíkt endurmat skal fela í sér að hætta notkun Fampyra® í um 2 vikur og framkvæma gönguprófið að nýju.

Gildistími:

- 6 vikur - fyrsta umsókn
- 1 ár - við fyrstu endurnýjun
- 2 ár - endurnýjun

Eingöngu sérfræðingar í taugasjúkdómum geta sótt um lyfjaskírteini fyrir Fampyra®.